

235. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

Fundarefni:	Skv. dagskrá fundar		
Fundardagur:	11.02.2014	Fundartími:	16.45 – 18.30
Fundarstaður:	Danfoss, Skútuvogi	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Grétar Leifsson (GL), Kristján Ottósson (KO), Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), , Benedikt Jónsson (BJ), Snæbjörn R. Rafnsson (SRR) og Steinar Gíslason (SG)		
Forföll:	Sigurður Sigurðarson (SS), Kristján Kristjánsson (KK)		

1. Fundur settur.
2. Fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir við síðustu fundargerð.
3. Aðalfundur. GL og KO munu undirbúa aðalfund. Í uppstillingarnefnd voru kostnir Guðmundur Halldórsson, Steinar Gíslason og Kristján Ottósson.
4. Lofsvert lagnaverk. KO óskar eftir tilnefningum um lofsvert lagnaverk. Fréttabréf 121 er komið út þar sem fjallað er um „Lofsvert lagnaverk 2012“ Menningarmiðstöðinni Hofi á Akureyri.
5. Ráðstefnan 20.11.2013. Lagnafréttir 42 eru að verða klárar, sem mun fjalla um ráðstefnuna.
6. Kaflar 3.8 og 3.9 í Byggingarreglugerð. KOS kynnti stjórnarmönnum tillögur að breytingum á öryggis- og lokaúttektarköflum Byggingarreglugerðar. KOS, KO og BJ hafa fundað reglulega um úttektar, eftirlit á prófunum á samvirkni tækja og lokafrágangi kerfa frá því í haust. Þessar tillögur fengu góðar undirtektir hjá fundarmönnum en þær snúa eingöngu að breytingum á ákvæðum í þessum köflum. Tillögunum svipar til þess sem sett var fram í erindi KOS á ráðstefnunni um daginn og lesa má um í Lagnafréttum 42. Ræða þarf betur um fyrirkomulag úttekta og eftirlits í sambandi við lokafrágang kerfa. Málið verður rætt áfram.
7. Lagnakerfamiðstöð Íslands. Beðið er eftir því að heyra frá Menntamálaráðuneytinu eftir að mappa sem KO tók saman var afhent ráðherra þann 5. des. 2013. Málið er í farvegi og fer fyrir fjármála- og lögfræðideild ráðuneytisins.
8. Framundan. KO stingur upp á að Lagnafélagið leggi orð í belg í þá umræðu sem verið hefur um rakaskemmdir og myglu í byggingum undanfarið. Horfa eigi þá fyrst og fremst til orsakavalds – ekki afleiðingum. Virkja þarf fagråd loftræsikerfa og stjórnkerfa í framhaldinu. Fagråd pípulagna hefur verið virkt og fundað reglulega. Nokkrar umræður urðu um Fagråd pípulagna, og tók KO sértaklega fram að til funda í Fagræðum verða framvegis eingöngu boðað af KO framkvæmdastjóra LAFÍ.

Boðað verður til næsta stjórnarfundar síðar.